

Umhverfis- og skipulagsnefnd

Ágúst Sigurðsson formaður umhverfis- og skipulagsnefndar tók til máls og lagði fram tillögur nefndarinnar á ársþingi SASS 2016

Aðalfundur SASS 2016 Umhverfis- og skipulagsnefnd

Ágúst Sigurðsson (formaður) Rangárþingi ytra, Eyrún B. Magnúsdóttir, Sveitarfélaginu Árborg, Eyrún Margrét Stefánsdóttir, Bláskógabyggð, Guðmundur Á. Pétursson, Grímsnes- og grafningshreppur, Björgvin Skafti Bjarnason, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Eiríkur Tryggvi Ástþórsson, Mýrdalshreppur, Sigrún Guðmundsdóttir, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Páll Stefánsson, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Anna Björg Nielsdóttir, sveitarfélagið Ölfus, Jón G Valgeirsson, sveitarfélagið Hrunamannahreppur, Guðlaug Ósk Svansdóttir, Háskólafélag Suðurlands ritari.

Umhverfismál – vsk af fráveituframkvæmdum:

Ársþing SASS 2016 leggur mikla áherslu á að ríkisvaldið sjái til þess að sveitarfélög **fái virðisaukaskatt af fráveituframkvæmdum endurgreiddan.**

Skipulagsmál – Kortavefur Suðurlands

Ársþing SASS 2016 leggur til að skipaður verði vinnuhópur um Kortavef Suðurlands og að vinnuhópnum verði falið að vinna að eftirfarandi tillögum áfram sem nýtast sem;

- grunnur að frekari samvinnu sveitarfélaga í skráningu gagna m.a. í umhverfis- og skipulagsmálum og í skráningu mikilvægra grunnauðlinda á Suðurlandi s.s. vatn, orku og efnis
- tenging við yfirstandandi átaksverkefni SASS í markaðsgreiningu Suðurlands sem er eitt af áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Suðurlands 2015-2019
- bætt aðgengi að sameiginlegum upplýsingum á Suðurlandi án sveitarfélaga- og sýslumarka
- gögn við endurskoðun Sóknaráætlunar Suðurlands

Nefndin bendir á að samskipti Skipulagsstofnunar við aðildarsveitarfélög SASS í tengslum við skipulagsgerð á miðhálendi Suðurlands eru ekki nógu góð. Um er að ræða ólíka túlkun á Landskipulagsstefnu.

Umræða fór fram hjá nefndinni um málið og telja fundamenn að mikilvægt sé að Skipulagsstofnun og sveitarfélögin túlki Landskipulagsstefnu á sama hátt. Samtal þarf að fara fram við Skipulagsstofnun um ýmis túlkunaratriði svo að sveitarfélögin geti skipulagt svæði innan sveitarrfélagamarka og stuðli þannig að verndun og uppbyggingu í samræmi við stefnuna. Nefndin ítrekar að skipulagsvaldið er hjá sveitarfélögunum. Nefndin beinir því til stjórnar SASS að fylgja málinu eftir.

